

**240. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 02. 09. 2015 kl.
09:30-13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.**

Mættir: SBB, IGG, KG, SLS, NP, PA, FH, VLF.

Undir lið 13 mættu lögfræðingur LSS GÁH, og JV, SDB, JVJ.

1. Fundargerð síðasta fundar.

SP

2. Inntaka nýrra félaga

Kristinn Guðbrandsson Reyðarfirði sp.

Georg Bergþór Friðriksson NL sp.

Guðbjörg Helga NL sp.

Arnar Steinn Elísson NL sp.

Kamilla Guðmudsdóttir NL sp.

Anna Rebekka Einarsdóttir NL sp.

3. Starfið á milli funda

Framkvæmdastjóri fer yfir verkefni sam hafa verið í gangi á milli stjórnarfunda.

4. Starfsárið fram undan

Stefnt er á að fundartími stjórnar verði 1. miðvikudagur í mánuði. Ársþingið verður 15. og 16. apríl 2016. Velja þarf í undirbúningsnefnd.

Ákveðið að hafa Fulltrúaráðsfund og stjórnarfund 4. nóvember.

Starfsmatsskrifstofan er að vinna í niðurstöðum úr viðtölum við millistjórnendur. Áætlað er að niðurstöður úr þessu endurmat liggi fyrir um mánaðarmót. Ennþá er eftir að launasetja slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra í samstarfsnefnd. Ekki hefur fengist fundur þar þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

Kjarasamningsviðræður við ríki og sveitarfélög fara að hefjast.

Kallað verður eftir tilnefningum í samninganefndir við sveitarfélögin og ríkið.

5. 44. Þing BSRB

Þingið verður haldið 28. – 30. október í Rvík. LSS á 4 fulltrúa. Ákveðið að Formaður, v-formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri verði fulltrúar og aðrir stjórnarmenn verði til vara.

6. Fagdeild. Sjúkraflutningar

NP fer yfir málin. Fundur á morgun í faghópi um nýtt grunnám. Í umræðunni er að grunnám verði kennt í staðarkennslu. Um er að ræða EMT-B. + viðbótarkúrsar (módúla) á næstu 3 árum. Þetta fyrsta stig myndi veita tímabundin réttindi og full réttindi þegar viðbótarkúrsnum og starfsþjálfun er lokið. Námið yrði sveigjanlegt með tilliti til landsbyggðar og hlutastarfandi sjúkraflutningamanna.

Rætt um nauðsyn þess að endurvekja tengingu við Pittsburg og sækja í menntun sem viktur. Haga málum þannig að eftir grunnám sé hægt að ná tengingu við skólann með meira námsefni.

Upplýst var um að það sé í vinnslu að koma Lögreglunámi upp á háskólastig.

Vöntun er á Bráðatæknum á Íslandi. Uppfæra þarf „Verkferlana“ og þá mögulega „online“.

Rætt um að fá Landlækni á næsta stjórnarfund, þar sem síðasta útgáfa var samstarfsverkefni

LSS og embættisins.
Fulltrúi í Endurlífgunarráði er Hlynur Höskuldsson.

7. Fagdeild Slökkviliðsmanna

Upplýst að bóúð sé að funda í Fagrað Brunamálaskólans.

8. Fagdeild Slökkviliðstjóra

Starfsmatið – Slökkviliðstjórar bíða eftir að vera launasettir. Farið yfir þau mál.

9. Samningar SNS, SNR og LSS

Málin ganga hægt hjá þeim félögum sem eru að reyna að semja. Fer að stytast í kjaraviðræður hjá félaginu.

10. Tilboð um rannsókn

Lagt fram tilboð frá sérfræðingi um rannsókn á heilsufari slökkviliðsmanna. Tekið jákvætt í erindið, með fyrir vara um að það takist að fá samstarfsaðila til að aðstoða við fjármögnun.

11. Ferð LSS um landið

12. Sjúkrasjóður

Frkvstj. Lagði fram upplýsingar um innlagnir og úttektir LSS félaga síðustu 4 árin í styrktarsjóði BSRB. Töluverðar fjárhæðir sitja eftir í sjóðnum. Ákveðið að ganga úr styrktarsjóði BSRB og stofna eigin sjóð.

13. Mál hjá lögfræðingi

Með fundargögnum var yfirlit yfir stöðu mála sem eru í vinnslu hjá lögfræðingi. Lögfræðingur LSS mætti undir þessum lið og fór yfir „Drög að samkomulagi um frítöku hjá SHS“. Umræður og athugasemdir. Jafnframt sátu undir þessum lið 1. 2. og 3. fulltrúi LSS hjá SHS.

14. Önnur mál:

- a) Bréf frá Loga Kjartanssyni lögmanni. –sérverkefni. Ákveðið að ráða hann í að gera úttekt á eftirlitsskyldum Mvs.
- b) Heimild til kaupa á stýrikerfi fyrir heita potta í Munaðarnesi. Sp.
- c) Íþróttanefnd –skipunarbréf. Umræður um stöðu íþróttamóta hjá LSS og hvort halda skuli þeim áfram.
- c) Eldvarnaátakið verður 19. – 26. nóv 2015.

15. Mál til kynninga